

## REGLUR STARFSÞRÓUNARNEFNDAR

### Reglur um framkvæmd gr. 10.2.1

Meginmarkmið með reglum þessum er að auka hvata starfsmanna sveitarfélaga til virkrar símenntunar

Starfsþróunarnefnd er sameiginlegur vettvangur samningsaðila til eflingar tækifæra starfsmanna sveitarfélaga til framhaldsfræðslu og stuðlar að þróun og framboði námskeiða sem sérsniðnar eru að þörfum sveitarfélaga. Starfsþróunarnefnd tekur þátt í og fylgist með þróun raunfærnimats sem aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og í samstarfi við Fræðslusetrið Starfsmennt. Nefndin fylgist jafnframt með þróun vinnu við flokkun náms/starfa á hæfniprep samkvæmt námskrá á öllum skólastigum.

Starfsmenn sem hafa lokapróf á framhaldsskólastigi og starfsmenn sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskólapróf sem ljúka starfstengdu námi og/eða námskeiðum sem eru sérsniðin að þörfum sveitarfélaga og kennd eru af fræðsluaðilum sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, geta að hámarki fengið 2% persónuálag fyrir nám samkvæmt reglum Starfsþróunarnefndar samningsaðila. Skilyrt er að námið tengist og nýtist í starfi viðkomandi starfsmanns.

Starfsþróunarnefnd birtir lista yfir starfstengt nám sem nefndin staðfestir að uppfylli skilyrði um ávinnslu persónuálags í ákvæðum gr. 10.2.1 og í bókunum um mat á styttri starfstengdum námskeiðum.

Listinn er birtur á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga

<http://www.samband.is/verkefningin/kjaraog-starfsmannamal/starfsthrounarnefnd/>

Þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa lokið samtals 150 kest. (kennslustundir) starfstengdu námi, fá 2% persónuálag á grundvelli gr. 10.2.1 að eftirfarandi skilyrðum Starfsþróunarnefndar uppfylltum:

- Að námið sé á lista Starfsþróunarnefndar yfir samþykkt nám, sem meta skal skv. gr. 10.2.1 í kjarasamningum aðila eða hafi verið samþykkt af starfsþróunarnefnd.
- Að námið sé ekki metið skv. gr. 10.2.3 í kjarasamningum aðila.
- Nám á háskólastigi er ekki metið skv. grein 10.2.1.
- Að námið tengist og nýtist í starfi starfsmannsins og hafi ekki áður verið metið í starfsmati í starfi hans.
- Að námið sé sérsniðið að þörfum sveitarfélaga.
- Að námið sé kennt af fræðsluaðilum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og aðra þá sem Starfsþróunarnefndin metur sem hæfa fræðsluaðila.
- Að starfsmaður leggi fram staðfestingu til launagreiðanda frá fræðsluaðila um að hann hafi lokið náminu með fullnægjandi hætti.
- Meginreglan er sú að meta ekki eldri námskeið en fimm ára.

Launagreiðendur og stéttarfélag beini erindum varðandi mat á námskeiðum sem ekki eru tilgreind á lista nefndarinnar til Starfsþróunarnefndar á netfangið [starfsthrounarnefnd@samband.is](mailto:starfsthrounarnefnd@samband.is).

Launabreyting samkvæmt gr. 10.2.1 í gildandi kjarasamningi skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um lok náms, enda hafi þau borist fyrir 15. dag mánaðarins.

Reglur þessar taka gildi frá 1. apríl 2021.